



Vont er þeirra ranglæti...

22. janúar 2010

Það eru erfiðir tímar. Og verri kunna að vera í vændum. Það er þungbært að horfast í augu við ástandið og ákvarðanir eru framundan sem menn þurfa að takast á við, þótt ekki sjái handa skil vegna moldviðris misvísandi fréttu og greininga. Frumskilyrði þess að hægt sé að átta sig og taka upplýstar ákvarðanir virðast ekki fyrir hendi, t.d. eru höfuðsmiðir hrunsins víðs fjarri vettvangi og allar sakir við þá óuppgerðar enn. Einu fréttirnar óljós og óhollur kvittur um að þeir séu að reyna á bak við tjöldin að ná tangarhaldi á veldi sínu á ný. Það má því virða mönnum það til vorkunnar þó þeir grípi til ýmissa ráða til að finna sér fast land undir fótum. Í fréttum gærdagsins var rifjað upp og myndir sýndar af því er nokkur ungmenni réðust til inngöngu á þingpalla Alþingis og lýstu vandlætingu sinni og hneykslun á þeirri stofnun. Fréttinni fylgdi sá, að því er virðist, fyrirfram uppkveðni dómur að við svona framferði liggi í það minnsta eins árs fangelsisvist, en þyngsta refsing samkvæmt 100. grein almennra hegningarlaga sé ævilangt fangelsi. Loksins, loksins eru vettlingatökin úr sögunni! Loksins eru sökudólgar fundnir! Loksins er réttlætinu fullnægt og fólk getur sofið rólegt í rúmum sínum.

Óþarfi er að mæla bót ópum og stypingum á almannafæri (þingpallar eru öllum opnir) öll meiðsli á mönnum eru hörmuleg, en mér er nær að halda að ýmsir sem rifjuðu upp tilefni þessarar fréttar hefðu viljað vera með á þingpöllunum í þetta sinn. Sjálfsvirðing fólks er því dýrmæt. En virðing alþingis stækkar hvorki né minnkar við skammvinnu upphlaup og geðshræringar, virðing alþingis á sinn stað í hugum og hjörtum manna sem sjá það starfa af heilindum. Og hafi menn eitthvað grætt á átökum undangenginna mánaða er það að verða skyggjarnari á birtingamyndir andófs og valds og hæfari til að þekkja brennandi hjörtu, einlægum vilja til umbóta, en einnig siðbjálfa, viðkvæmar valdatær og ýmislegt þaðan af verra.

Lengjum ekki svipugöngin. Notum þennan nýfundna hæfileika til að ná áttum, til að sjá skóginn fyrir trjánnum.

Guðrún Hannesdóttir, ritari MFÍK